



Kalka  
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.  
Berghólabraut 7  
230 Keflavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 24. júní 2013  
Tilv.: UMH13040190/20-1

Vísað er til erindis yðar frá 26. apríl sl. þar sem Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. sækir um undanþágu frá starfsleyfi til að brenna/eyða svokölluðu þykkni úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls. Í erindinu kemur fram að um sé að ræða uppsafnað magn upp á um 20 stórsekki, eða u.þ.b. 16-17 tonn, auk þess sem efnið verði til við framleiðslu í verksmiðju Alcoa á næstu mánuðum. Ekki kemur fram hversu mikið magn þar um ræðir. Óskar Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. eftir að undanþágan gildi til 31. desember 2013.


Ráðuneytið leitaði umsagnar Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 3. f.m. Í umsögn stofnunarinnar frá 17. f.m. kemur fram að á síðasta ári hafi Efnamóttakan hf. leitað til Umhverfisstofnunar og óskað eftir mati á hvort Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hefði heimild til að brenna svokallað þykkni frá þurrkara Alcoa á Reyðarfirði. Um hafi verið að ræða úrgang sem verði til þegar eimuð sé blanda af kælivatni úr álsteypuvélum og þeytulausn úr víravél. Samkvæmt Efnamóttökunni sé úrgangurinn 50–60% vatn, 10–15% olía, sót og önnur lífræn efni, 15–20% natríumsúlfat og 10–15% natríummólybdát, áloxíð og ýmis sölt. Komi fram það mat Efnamóttökunnar að úrganginn þurfi að brenna vegna olíuinnihalds. Jafnframt komi fram það mat að úrgangurinn falli í flokk *\*19 02 05 eðja sem verður til við eðlis- eða efnafræðilega meðhöndlun og inniheldur hættuleg efni* í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Í svari Umhverfisstofnunar við umleitan Efnamóttökunnar hafi komið fram að þar sem umræddur úrgangur verði til við hreinsun úrgangsvatns við álframleiðslu telji stofnunin að fella beri hann undir flokkinn *10 03 00 úrgangur frá álframleiðslu* í framangreindri reglugerð, nánar tiltekið undir flokkinn *\*10 03 27 úrgangur sem verður til við meðhöndlun kælivatns og inniheldur olíu*. Fram komi í umsögn Umhverfisstofnunar að stofnunin geri ráð fyrir að það þykkni úr þurrkara sem erindi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. fjalli um sé sama efnið og Efnamóttakan leitaði til stofnunarinnar með, eins og hér að framan er lýst. Samkvæmt starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvarinnar, og viðauka sem því fylgir, er henni óheimilt að taka á móti og/eða brenna úrgang frá álframleiðslu, þ.e. úrgang sem fellur í flokk *10 03 00*. Í erindi Sorpeyðingarstöðvarinnar komi fram það mat að meðhöndlun þykknisins í brennslustöðinni muni ekki valda því að farið verði yfir heimildir. Umhverfisstofnun líti svo á að þar sé átt við heimildir gildandi starfsleyfis stöðvarinnar og hafi stofnunin ekki ástæðu til að draga það mat í efa. Því telji stofnunin að ef ákvæðum starfsleyfis stöðvarinnar sé fylgt, svo sem varðandi meðferð spilliefna, magn spilliefna sem brennt er hverju sinni, lokabrennslu lofttegunda, hreinsun útblásturs og losunarmörk í útblæstri, þá fari meðferð og förgun efnisins fram við fullnægjandi aðstæður. Í ljósi framangreinds geri Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. verði veitt tímabundin undanþága frá starfsleyfi til að taka á

móti og brenna um 20 stórsekki af þykkni úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls. Stofnunin telji að svo stöddu ekki grundvöll fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi til brennslu meira magns en þeirra u.þ.b. 20 stórsekkja sem þegar hafa safnast upp, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um mögulegt magn umfram þá. Stofnunin geri ekki athugasemdir við að Sorpeyðingarstöðinni verði veitt svigrúm til loka ársins til að brenna úrganginn.


Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar og í samræmi við 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs veitir ráðuneytið hér með tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að taka á móti og brenna/eyða úrgangi úr þurrkara Alcoa Fjarðaáls, svokölluðu þykkni, enda verði ákvæðum gildandi starfsleyfis stöðvarinnar fylgt við alla meðferð og brennslu efnisins. Undanþága þessi gildir eigi lengur en til 31. desember 2013.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Kjartan Ingvarsson

Afrit:  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðisnefnd Suðurnesja